

293. fundur

Miðvikudaginn 24. mars 2023, kl. 10:30 kom verðlagsnefnd búvara saman á fjarfundi. Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Hálfván Óskarsson, Helga Ingólfsdóttir, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hrannar Már Gunnarsson, Reynir Þór Jónsson og Pálmi Vilhjálmsson. Þá sat einnig fundinn, Arnar Freyr Einarsson, MAR.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Verðlagsgrundvöllur kúabús í mars 2023

Lagður var fram framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir mars 2023. Gjaldaliðir verðlagsgrundvallar hækkuðu frá desember til mars um 4,33%. Lágmarksverði til framleiðenda var síðast breytt þann 1. desember 2023, byggt á verðlagi desembermánaðar og er því samanlögð hækkun gjaldaliða einnig 4,33% frá síðustu verðlagningu. Að loknum umræðum og yfirferð einstakra gjaldaliða var verðlagsgrundvöllurinn staðfestur. Ákveðið að niðurstöður iðnaðarlíkans og verðákvörðun verði settar á dagskrá næsta fundar.

2. Endurskoðun verðlagsgrundvallar

Lögð fram drög að verklýsingu og áætlun um endurskoðun verðlagsgrundvallar. Sagt frá fundi formanns, ráðuneytis og Hagstofu Íslands um aðkomu stofnunarinnar að verkefninu. Umræður um fleiri aðila sem að verkefninu þyrftu að koma og mikilvægi þess að nýta bestu rekstrargögn og faglegu þekkingu sem snúa að greininni.

3. Framleiðslukostnaður sauðfjár og nautgripakjöts

Umræður um óviðunandi afkomu í sauðfjárrækt og nautgripakjötsframleiðslu. BÍ hafa sent verðlagsnefnd erindi þar sem óskað er eftir að nefndin reikni framleiðslukostnað þessara greina til að styrkja umræðu og stefnumótun. Erindi verða lögð fyrir og afgreidd á næsta fundi.

4. Önnur mál

Umræða um ýmis atriði sem m.a. snúa að tekjuhlið verðlagsgrundvallar sem hefur ekki verið framreiknuð um langt skeið.

Næsti fundur verðlagsnefndar verður haldinn þann 3. apríl kl. 13:00.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 12:00.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson